

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	06.12.2017
Málalykill	9.33
Mál nr.	1712056



Bæjarráð Garðabæjar

Garðatorgi 7.

210 Garðabæ.

Í tilefni af því að fram hafa komið andmæli frá húseigendum í Hafnarfirði gegn lokun á gamla Álfanesvegi skv. samþykktu skipulagi viljum við undirritaðir fasteignaeigendur og íbúar við gamla Álfanesveginn skora á bæjarstjórn að kvika hvergi frá samþykktum um lokun vegarins.

Um árábil stóð yfir styr um veginn út á Álfanes en ágreiningslaust var að vegurinn væri stórhættulegur í þeirri legu sem hann var í. Ákvörðun var tekin um að leggja hinn nýja veg um Garðahraun til allra heilla. Hefur sú framkvæmd sýnt og sannað að vera til bóta fyrir alla íbúa sveitarfélagsins og aukinna lífsgæða.

Hinn gamli Álfanesvegur stendur enn óbreyttur og er ennþá stórhættulegur vegna mikillar umferðar og hraðaksturs. Er þar fyrst og fremst um að kenna mikilli umferð um veginn til Hafnarfjarðar. Af þessu skapast stórhætta, ekki aðeins fyrir börn að leik í hvefinu heldur einnig fyrir gangandi vegfarendur og aðra umferð, en sjö íbúagötur tengjast veginum.

Síðustu misseri hafa staðið yfir byggingaframkvæmdir í Prýðahverfi og við, sem þar búum höfum reist þar hús eða keypt á þeirri forsendu að gildandi skipulag og skipulagstillögur stæðust, m.a. að Álfanesvegurinn gamli yrði lokaður til vesturs.

Um leið og við skorum á bæjaryfirvöld að fylgja eftir skuldbindingum Garðabæjar og gildandi skipulagi viljum við krefjast þess að veginum verði lokað hið fyrsta.

Eftirfarandi eru undirskriftir íbúa, en undirrituðum hefur verið falið að koma erindi þessu til yðar.

Garðabæ, 6. desember 2017.

Fh. íbúa í Prýðahverfi.

Sigurður Sigurjónsson hrl.